



BORGARBYGGÐ

Sumarfjör 2020

Starfsstöðvar: Borgarnes og Hvanneyri - Ferðir frá Baulu og Kleppjárnsreykjum

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í 1.-4. bekk í Borgarbyggð.

Skráning er hafin í Sumarfjör, sumarnámskeið fyrir 1.- 4.bekk. Hver vika í Sumarfjörinu er þematengd, en aðaláhersla lögð á útivist og leiki. Nánari upplýsingar um dagskrá finnið þið í meðfylgjandi skjali og síðar á heimasíðu Borgarbyggðar og UMSB.

Hægt er að skrá barn hálfan dag (kl. 09:00-12:00 eða kl. 13:00-16:00) eða heilan dag (kl. 09:00-16:00). Gjaldið er eftirfarandi:

1 vika / hálfur dagur = 4.000 kr.

1 vika / heill dagur = 8.000 kr.

Systkinaafsláttur er 50% fyrir systkini sem eru skráð sömu vikuna í Sumarfjör.

Börnin mæta með nesti fyrir daginn en á föstudögum munum við bjóða börnunum upp á grillaðar pylsur. Þau börn sem eru allan daginn þurfa nesti fyrir þrjár máltíðir en þau sem eru hálfan daginn eina máltíð.

Þær vikur sem Sumarfjórið verður í boði eru:

Heimastöð: Skallagrímshúsið (UMSB húsið), 8. júní-17. júlí, 4.-19. ágúst.

Heimastöð: GBF-Hvanneyrardeild, 8.-30. júní, 4.-19. ágúst.

Boðið verður uppá ferðir frá Baulu (verslun) og Kleppjárnsreykjaskóla hvern morgun á leikjanámskeið á Hvanneyri og til baka seinnipartinn. Þeir sem skrá barn í bílinn fá símtal þar sem verður farið betur yfir tímasetningar.

Síðari tvær vikurnar í júlí verður lokað á Hvanneyri. Þá mun bíllinn fara frá GBF-Hvanneyrardeild með börnin í Borgarnes.

Í ágúst eru börn fædd 2014 velkomin í Sumarfjórið.

Skráning fer fram í gegnum þjónustugáttina á heimasíðu Borgarbyggðar.

Umsóknarfrestur er til 21. maí

Við mælum með að skrá börnin allar þær vikur sem þið haldið að þið munið nýta. Auðvelt er að breyta skráningu eftir á, þá sendið þið póst á sumarfjor@borgarbyggd.is. Símanúmer eru þau sömu og í frístund; Hvanneyri 776-6008 og Borgarnes 847-7997.

Yfirumsjón með Sumarfjóri hafa Svala Eyjólfsdóttir og Kristín Jónsdóttir, forstöðukonur í frístund í Borgarnesi og á Hvanneyri

Ekki hika við að hafa samband ef þið hafið einhverjar spurningar.

Kær kveðja,
Svala og Kristín